

Breyting á aðalskipulagi Aðveitustöð á Hríshöfða, breytt afmörkun

1 YFIRLIT

Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar samþykkir að breyta Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 þannig að svæði 671 I, aðveitustöð raforku á Hríshöfða, verði afmarkað í samræmi við gildandi lóðarleigusamning um iðnaðarlóð undir spennahús Rarik. Stefnt er að því að byggja yfir núverandi spenna til þess að bæta afhendingaröryggi raforku á svæðinu. Heimild til byggingar spennahúss er í samræmi við skilgreingu lóðar í lóðarleigusamningi frá 1997 og telst ekki breyting á aðalskipulagi.

Að mati byggðaráðs er breytingin óveruleg skv. 2.mgr. 36.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem hún hefur ekki í för með sér verulegar breytingar á landnotkun eða er líkleg til að hafa áhrif á einstaka aðila eða stór svæði. Framkvæmdir innan Friðlands Svarfæla eru háðar leyfi Náttúruverndarstofnunar.

2 BREYTING Á SKIPULAGSUPPDRÆTTI

Afmörkun svæðis 671 I er breytt sbr. kafla 1.

3 BREYTING Á GREINARGERÐ

Línu í skilmálatöflu í kafla 4.8 Iðnaðarsvæði er breytt. Skipulagsákvæði eru uppfærð. Breytingar eru feitletraðar.

Gildandi skipulag

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
647-I	0,2	Aðveitustöð á Höfðanum.	Aðveitustöð raforku.	Óbreytt.

Breytt skipulag

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
647-I	0,95	Aðveitustöð á Hríshöfða.	Aðveitustöð raforku.	Búnaður og mannvirki vegna flutningskerfis raforku.

4 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Samkvæmt 2. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 eiga ákvæði laganna við alla skipulagsgerð og breytingar á skipulagi.

A YFIRLIT

Sjá kafla 1.

B MAT Á LÍKLEGUM UMHVERFISÁHRIFUM

Breyting á afmörkun svæðisins hefur hvorki áhrif á náttúruvarnir né samfélag. Fyrirhuguð framkvæmd verður á þegar raskaðri lóð og felst í yfirbyggingu núverandi spennumannvirki. Framkvæmdin gæti haft óveruleg og jafnvel jákvæð áhrif á ásýnd svæðisins og tímabundin áhrif á fuglalíf á framkvæmdatíma. Breyting á skipulagi og fyrirhuguð framkvæmd er í meginatriðum í samræmi við verndarmarkmið friðlandsins.

C RAUNHÆFIR VALKOSTIR M.T.T. MARKMIÐA

Á ekki við.

D MÓTVÆGISAÐGERÐIR OG VÖKTUN


Á ekki við.

E SAMANTEKT Á SKÝRU OG AUÐSKILJANLEGU MÁLI


Óþörf í svo litlu verkefni.

F NÁNARI UPPLÝSINGAR

Á ekki við.



Gildandi skipulag



Breytt skipulag

Mkv.: 1:50.000

- Mörk skipulagssvæðis
- LANDNOTKUN
- Þéttbýli, þéttbýlismörk
- Íbúðarsvæði
- Svæði fyrir þjónustustofnanir
- Svæði fyrir þjónustustofnanir
- Verslunar- og þjónustusvæði
- Athafnasvæði
- Iðnaðarsvæði
- Hafnarsvæði
- Landbúnaðarsvæði L1
- Landbúnaðarsvæði L2
- Landbúnaðarsvæði, sérákvæði
- Fristundabyggð
- Opin svæði til sérstakra nota
- Öbyggð svæði
- Blönduð landnotkun
- Efnistökusvæði
- Merking landnotkunarreita
- Landfyllingar
- TAKMÖRKUN Á LANDNOTKUN
- Hverfisverndarsvæði
- Náttúruverndarsvæði: Fólkvangur, friðland
- Svæði á Náttúruminjaskrá
- Vatnsverndarsvæði
- Brunnsvæði
- Grannsvæði
- Fjarsvæði
- Fornminjar
- Fornminjar, minjasvæði
- Fornminjar, Sveitarlangur
- Lárétt hönnunarhröðun í jarðskjálftum
- SAMGÖNGUKERFI
- Stofnbraut
- Stofnbraut, jarðgöng
- Tengivegur / tengibraut
- Aðrir vegir / safngata
- ... Aðal göngu- og hjólastigar
- ... Megin útivistarstigur
- ... Reiðleið
- STOFNLAGNIR VEITUKERFA
- Rafveita, loftlína
- Rafveita, flutningslína, helgunarsvæði
- Rafveita, jarðstremgur
- Hitaveita
- Vatnsveita
- Ljósleiðari
- Fráveita, útrás

Aðalskipulagsbreyting þessi sem er óveruleg sbr. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar þann 21. ágúst 2025

Eyja Inga Bj. Sigfórsd.
sveitarstjóri

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann

9. feb 2026

Ólafur Finnsson

ADALSKIPULAG DALVÍKURBYGGÐAR
2008-2020
SVEITARFÉLAGSUPPDRÁTTUR




Umhverfis- og tæknisvið
Dalvíkurbyggðar

Mælikvarði 1:50.000

BREYTING
Aðveitustöð á Hríshöfða
breytt afmörkun

18.9.2025/18.12.2025



TEIKNISTOFA ARKITEKTA

KAUPANGI V.MYRARVEG
600 AKUREYRI
SIM 481 2508
NETFANG: arn@teikna.is